

Garðabær
b.t. félagsmálastjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	09.10.2018
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1810109

Reykjavík, 2. október, 2018

Efni: Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2019

Kvennaathvarfið hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Einnig athvarf fyrir konur sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals. Þeim dvalarkonum sem þess óska, fá aðstoð félagsráðgjafa og lögfræðings við að taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Börn í dvöl fá viðtöl eftir því sem þroski þeirra leyfir. Á síðasta ári dvöldu 149 konur og 103 börn í athvarfinu í allt að 11 mánuði.

Auk þjónustu við dvalarkonur er konum boðið upp á viðtöl í athvarfinu án þess að til dvalar komi en árlega nýta 200-300 konur sér þá þjónustu. Jafnframt stendur öllum konum til boða símaráðgjöf sem veitt er allan sólarhringinn þá er Kvennaathvarfið einn af samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og býður upp á regluleg viðtöl þar.

Kvennaathvarfið hefur jafnframt sinnt forvarna- og fræðslustarfi og má benda á teiknimyndina *Tölum um ofbeldi* sem athvarfið lét gera fyrir gjafafé en Jafnréttissjóður Íslands styrkir kynningu myndarinnar í grunnskólum vítt og breitt um landið.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja ráðgjöf eða skjól til Kvennaathvarfsins og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskar Kvennaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2019 að fjárhæð kr. 500.000.

Ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is

